

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2008, þriðjudaginn 6. maí, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **66. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður, Árni Kristjánsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Jóhann Svanur Stefánsson Lönguhlíð 6 Akureyri, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 1 í landi Áshóls Grýtubakkahreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 17.04.2008, verk nr. 080401.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Stefán Stefánsson Goðabyggð 14, Akureyri, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð í landi Sunnuhlíðar Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 07.04.2008, verk nr. 080301.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Guðmundur Hervinsson Hamravík 60 Reykjavík, sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi að Vaðlabrekku 11 Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Arkís, dags. 01.04.2008, verk nr. 07-094.

Byggingarnefnd samþykkir erindið

4. Guðrún H. Þorkeskdóttir Melateigi 41 Akureyri, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð nr. 2 í Kotabyggð Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Aðalsteini V. Júlíussyni, dags. 07.04.2008, verk nr. 08-102.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Gunnar H. Lórenzson Víðilundi 3 Akureyri, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð nr. 24 í Kotabyggð Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Birgi Ágústssyni, verk nr. A-2008-01.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Höfðahús ehf Lónsbakka Hörgárbyggð, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 37 í Kotabyggð Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Arko teiknistofu, dags. 30.03.2008. Jafnframt falla úr gildi teikningar sem samþykktar voru 5. október 2007.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Bjarni Sigurjónsson og Sigríður M. Jóhannsdóttir Brekkusíðu 7 Akureyri, sækja um leyfi fyrir einbýlishúsi og bílgeymslu á lóð í landi Syðri-Varðgjár (Vogar) Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 28.04.2008, verk nr. 050906.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Anna Katrín Þórsdóttir Fosslandi 3 Ejaðarsveit, sækir um leyfi fyrir að innrétta ris á einbýlishúsi sínu að Fosslandi 3, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 18.04.2005, breyting dags. 14.04.2008, verk nr. 05-307.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Jón Bergur Arason Þverá Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að rífa gamla fjárhúshlöðu (upphaflega byggt sem þinghús 1907) á jörðinni Þverá I Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt reglugerð á að leita eftir umsög hjá Húsafriðunarnefnd ef rífa eða breyta á húsum sem byggð eru 1918 eða fyrir þann tíma. Byggingarfulltrúi upplýsti að hann hefði haft samband við sveitarstjóra

um málið og hann taldi að ekki væri þörf á því í þessu tilfelli, enda húsið orðið mjög illa farið.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

10. Húni Zophoníasson Litla-Hamri Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir kálfahúsi á jörðinni Litla-Hamri, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, Ívari Ragnarssyni dags. 12.03.2008, verk nr. 08-502.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

11. Magnús Stefánsson Hafnarstræti 24 Akureyri, sækir um leyfi fyrir að reisa þrjú hús, saunahús, barnahús og gestahús á lóð sinni að Hrískóðum 4 Eyjafjarðarsveit, meðfylgjandi eru típuteikningar frá framleiðanda (Lillevilla). Fyrir eru á lóðinni sumarhús og 10 fermetra geymsla.

Byggingarnefnd getur fallist á fyrir sitt leyti að reist verði hús fyrir sauna, en telur að um skipulagsmál sé að ræða varðandi gestahúsið og vísar umsækjanda á að snúa sér til sveitarstjórnar varðandi það hús. Ekki þarf byggingarleyfi fyrir barnahúsinu.

12. Íþróttamiðstöðin á Þelamörk, sækir um leyfi fyrir að byggja tækjaklefa, eimbað, endurgera sundlaugina o.fl. á Þelamörk, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá verkfræðistofu Norðurlands, dags. 17.03.2008.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00

Árni Kristjánsson
Klængur Stefánsson
Hermann Jónsson

Kristján Kjartansson
Egill Bjarnason
Jósavin Gunnarsson